Alþingi,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Alþingishúsinu,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 26. september 2014

Varðar: Lækkun framlags til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða skv. lögum nr. 113/1990, sbr. lög nr. 177 frá 20. desember 2006.

Í frumvarpi til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015, þskj. nr. 3., 3. mál þingsins, er lagt til að fellt verði niður í fjórum tímasettum áföngum framlag sem greitt hefur verið til jöfnunar örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóða skv. ákvæðum þar um í lögum um tryggingargjald nr. 113/1990. Skv. 4. tl. 2. mgr. 3. gr. og 18. gr. laganna skal ráðstafa 0,325% hlutdeild í tryggingargjaldi í framangreindu skyni og hefur þessi háttur verið á hafður allt frá árinu 2006.

Sú skipan sem lögin mæla fyrir um var tekin upp í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga 2005 og lögfest ári síðar þannig að um varanlega skipan yrði að tefla.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir nú um fyrirhugaða niðurfellingu ákvæða um ráðstöfun á hluta tryggingargjalds til að jafna örorkubyrði sjóðanna, að forsendur fyrir þessari skipan hafi breyst talsvert. Þá sé ljóst að þörf lífeyrissjóða til jöfnunar örorkubyrði hafi reynst mismunandi. Því hafi verið ákveðið að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar.

Rangar forsendur boðaðra breytinga

Gildi-lífeyrissjóður gerir alvarlegar athugasemdir við framangreind áform um að afnema jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Gildi telur að forsendur boðaðra breytinga eigi sér ekki stoð. Mikill munur er á örorkubyrði lífeyrissjóðanna sem hlutfall af heildarskuldbindingum en sá mælikvarði er ákvarðandi um mat á kostnaði af áföllnum réttindum. Hjá Gildi-lífeyrissjóði hefur þetta hlutfall verið næsta stöðugt síðustu árin eftir töluverða hækkun þess síðustu áratugi. Heldur hefur dregið úr aukningunni eftir að farið var að leggja meiri áherslu á starfsendurhæfingu og leggja til þess fé. Breytingin mun óhjákvæmilega valda skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í sjóðnum. Sú skerðing á ávinnslu ellilífeyrisréttinda í Gildi-lífeyrissjóði mun að óbreyttu verða allt að 4,5%. Það verða því engin rök sótt í hlutfallstölur um kostnað af örorkulífeyri fyrir niðurfellingu jöfnunarframlagsins.

Gildi - lífeyrissjóður • Sætúni 1 • 105 Reykjavík • gildi@gildi.is • www.gildi.is
Kt. 561195 2779 • Sími 515 4700 • Fax 515 4701

Þaðan af síður verður niðurfelling framlagsins studd með því að mismunandi þörf hafi reynst fyrir jöfnunarframlagið. Fullyrðingin sætir raunar furðu, því eðli málsins samkvæmt hlýtur þörf sjóðanna fyrir framlag til jöfnunar að vera mismunandi, því ella hlyti hlutfall kostnaðar af örorkulífeyri að vera áþekkt og þá engin þörf fyrir jöfnunarframlög. Því er ekki að heilsa og ekki verður séð af gögnum að saman hafi dregið með sjóðunum í þessu efni. Sú staðreynd að þörfin fyrir jöfnunarframlög hefur reynst mismunandi undirstrikar því mikilvægi framlagsins, öndvert við það sem höfundar frumvarpsins sýnast hafa ályktað.

Það leiðir af líkum að hlutfall örorku er hærra í lífeyrissjóðum almenns verkafólks og sjómanna en sjóðum sérfræðinga og skrifstofumanna þar sem saman fer slit í stoðkerfi og slysahætta umfram það sem er í mörgum öðrum störfum. Þá eru inngönguskilyrði í þessa sjóði rýmri þar sem störf þeirra sem þar tryggja sér lífeyrisréttindi kalla að jafnaði ekki á sama undirbúning fyrir tiltekið starf. Það eru þannig eðlilegar ástæður því valdandi að örorkulífeyrir hlýtur að jafnaði að vera hærri hluti heildarlífeyrisskuldbindinga hjá Gildi og öðrum lífeyrissjóðum sem þjóna svipuðum starfshópum en sjóðum sérfræðinga af ýmsum toga.

Samhengi ellilífeyris og kostnaðar af örorkulífeyri

Það kerfi skyldutryggingar lífeyrisréttinda í starfstengdum lífeyrissjóðum sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um og löggjafinn setti síðar ramma um, fyrst með lögum 55/1980 og nú með lögum nr. 129/1997, gefur mönnum ekki val um það hvar þeir tryggja sér lífeyrisréttindi. Reglurnar eru einnig skýrar um að samhengi verður að vera milli eigna og skuldbindinga almennu lífeyrissjóðanna.

Af framansögðu leiðir að þeir lífeyrissjóðir sem hafa haft hátt hlutfall örorkulífeyris hafa að sama skapi minna fé í ellilífeyri svo ellilífeyriskjör þeirra sem þangað greiða verða að öðru óbreyttu rýrari fyrir bragðið. Jöfnunarframlaginu var ætlað að vinna á þessum mun og tryggja að sjóðfélagar m.a. Gildis stæðu ekki uppi með lakari ellilífeyri sökum hærri greiðslubyrði af örorkulífeyri.

Samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins árið 2005 um að ríkisvaldið tryggði framlög af tryggingargjaldi til að jafna stöðu sjóðanna í þessu efni var þannig eðlilegt framhald af setningu laga um starfsemi lífeyrissjóða 1997 og í raun óhjákvæmilegt til að tryggja mönnum sæmilegt jafnræði til ellilífeyris óháð því til hvers af almennu lífeyrissjóðunum þeir greiddu. Ekkert hefur komið fram sem réttlætir afturhvarf frá þessari stefnumörkun.

Aukin mismunun

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs telur óhjákvæmilegt að vekja á því athygli að boðuð niðurfelling jöfnunarframlags hefur aðeins áhrif á stöðu sjóðfélaga í lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði. Þeir munu þurfa að taka á sig skerta ávinnslu réttinda sem svarar lækkun á framlagi til jöfnunar örorkulífeyris. Breytingin varðar hins vegar lífeyrissjóði opinberra starfsmanna engu; skattgreiðendur munu greiða það sem á vantar að tekjur standi undir kostnaði af réttindum svo sú lækkun sem einstaka sjóðir opinberra starfsmanna munu verða fyrir vegna niðurfellingar jöfnunarframlagsins verður að fullu bætt með framlögum skv. öðrum liðum fjárlaga. Boðuð breyting er því enn til þess fallin að auka á mismun milli lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og sjóðfélaga í almennu lífeyrissjóðunum, öndvert við það sem ríkisstjórnin hefur þó boðað sem stefnu sína.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs skorar á nefndina að beita sér fyrir því að fallið verði frá áformum um að fella niður framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Jafnframt lýsir sjóðurinn sig reiðubúinn til þess að taka þátt í vinnu við að kanna hvort aðrar leiðir séu færar til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða að þessu leyti. Þá eru fulltrúar Gildis tilbúnir til þess að koma á fund nefndarinnar ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður